

Alþingi  
Erindi nr. P 136/1249  
komudagur 8.3.2004



LÝÐHEILSUSTÖÐ

Reykjavík, 4. mars 2004

**Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis**  
**b.t. nefndarsviðs**  
**Austurstræti 8-10**  
**150 Reykjavík.**

**Efni:** Umsögn um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak

Meðfylgjandi er umsögn Lýðheilsustöðvar, að fengnu álit  
Tóbaksvarnaráðs, um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak.

*Virðingarfyllst,*

*Anna E. Ólaf.*  
**Anna Elísabet Ólafsdóttir**  
**Forstjóri Lýðheilsustöðvar**

## Umsögn Lýðheilsustöðvar um frumvarp til laga um verslun með áfengi og tóbak

*Lýðheilsustöð leyfir sér hér með að senda nefndarsviðið Alþingis meðfylgjandi umsögn eins og óskað hefur verið eftir:*

Lýðheilsustöð telur að einkaréttur ÁTVR til að flytja inn tóbak og dreifa því í heildsölu sé til þess fallinn að draga úr umsvifum annarra í verslun með tóbak og hagsmunum af því að þessi lífshættulega vara sé og verði áfram á boðstólum hér á landi.

Af þessari ástæðu og öðrum sem ekki verða raktar telur Lýðheilsustöð að umrætt fyrirkomulag á innflutningi og sölu tóbaks hafi einfaldað baráttuna gegn tóbaksneyslu í landinu.

Lýðheilsustöð telur ekki unnt að sjá fyrir allar afleiðingar þeirrar breytingar á tóbakssöllumálum sem boðuð er með umræddu frumvarpi. Svo sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu gerir fjármálaráðuneytið ráð fyrir að innflytjendum tóbaks (og þar með þeim sem hafa hagsmuni af tóbakssölu, aths. Lýðheilsustöðvar) muni „fjölga nokkuð“ eftir breytinguna. (Strangt tekið er innflytjandinn nú aðeins einn, þ.e. ÁTVR.) Þetta mat ráðuneytisins er trúlegast rétt. Má búast við að nýliðar í innflutningi reyni að koma vöru sinni beint á framfæri við smásala tóbaks (og jafnvel neytendur) og úr verði óheillavænlegt stríð um markaðinn þar sem hætt er við að tilgangurinn verði látinn helga meðalið.

Verði umrætt frumvarp að lögum telur Lýðheilsustöð því afar mikilvægt að stofnanir sem í hlut eiga fylgist grannt með því að innflytjendur fari í hvívetna að lögum í starfsemi sinni og þeir verði látnir sæta ábyrgð ef út af bregður. Lýðheilsustöð treystir á atfyllgi ÁTVR í þessu eftirliti eftir því sem við á.

Lýðheilsustöð styður það eindregið, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu, að ÁTVR haldi einkarétti sínum til heildsölu tóbaks og annist, eftir sem áður, eftirlit með því, og tryggi, að tóbak sé merkt í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 6/2006 um tóbaksvarnir.

Lýðheilsustöð leggur ríka áherslu á að sölukerfi tóbaks hér á landi verði framvegis, ekki síður en undanfarið, nýtt eins og kostur er til að draga úr því margháttaða tjóni sem tóbaksneysla veldur og bitnar bæði á einstaklingum og þjóðfélaginu í heild. Það eitt getur samræmst þeim markmiðum sem sett eru fram í 1. gr. laga um tóbaksvarnir og í Íslenskri heilbrigðisáætlun, samþykkt af Alþingi í maí 2001.